

## Lög foreldrafélags Giljaskóla

- Félagið heitir Foreldrafélag Giljaskóla. Félagar eru foreldrar og forráðamenn nemenda í skólanum.
- Markmið félagsins eru:  
Að stuðla að velferð og vellíðan nemenda í skólanum.  
Stuðla að góðu samstarfi milli foreldra/forráðamanna og skólans.  
Vera samráðsvettvangur foreldra/forráðamanna.  
Koma á framfæri sjónarmiðum foreldra/forráðamanna varðandi skóla, menntun og uppeldismál
- Til að ná þessum markmiðum hyggst félagið m.a.:  
Bjóða skólustjórnendum reglulega á stjórnarfundi til skoðanaskipta varðandi hvað eina sem varðar skólann.  
Gæta hagsmuna nemenda varðandi aðbúnað og öryggi í og við skólann.  
Halda fræðslu- og eða umræðufundi um uppeldis- og skólamál.  
Styðja við og aðstoða við félags- og tómsundastarf nemenda.  
Efla og styðja menningarlíf innan skólans, m.a. bókmenntir og listir.  
Efla og styðja samstarf heimilis og skóla.
- Stjórn félagsins er skipuð 5 – 10 foreldrum. Formanni, varaformanni, gjaldkera, ritara og svo meðstjórnendum. Hver stjórnarmeðlimur situr í tvö ár. Kjörgengir eru allir meðlimir foreldrafélagsins. Stjórnin skiptir með sér verkum.
- Formaður boðar til stjórnarfunda með minnst 3 daga fyrirvara. Stjórnarfundur er ályktunarfær séu a.m.k. 2/3 hlutar stjórnar mættir. Stjórnarfundi skal halda minnst fjórum sinnum á ári, þar a.m.k. tvisvar á haustönn og tvisvar á vorönn
- Aðalfundur skal halda ekki síðar en 20 október hvert ár og telst hann löglegur ef til hans er boðað með a.m.k. viku fyrirvara. Á aðalfundi flytur fráfarandi stjórn félagsins skýrslu um störf félagsins á liðnu starfsári, lagðir eru fram reikningar og ný stjórn kosin.
- Ef 20 félagsmenn eða fleiri rita undir ósk um að haldinn verði almennur félagsfundur er stjórninni skylt að boða til slíks fundar. Boða skal til almenns félagsfundar með a.m.k. þriggja daga fyrirvara og innan tveggja vikna frá því að óskin kemur fram.
- Lögum þessum má breyta á aðalfundi með einföldum meirihluta viðstaddra enda hafi lagabreytingar verið kynntar í aðalfundarboði
- Stjórn foreldrafélagsins er heimilt að óska eftir því að foreldrar greiði framlag til félagsins. Þetta framlag er innheimt árlega og ákveðið á aðalfundi.
- Hætti félagið störfum renna eigur þess til Giljaskóla.

Lögð fyrir á Aðalfundi 9 nóvember 2023

Samþykkt á Aðalfundi 10 október 2024

Fyrirhönd foreldrafélagsins

Ingunn Ósk Svavarsdóttir, Formaður